

Ed.

350. Frumvarp

til laga um vígslubiskupa.

Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Auk aðalbiskups skulu vera hér á landi tveir vígslubiskupar (officiales), annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

2. gr.

Konuugur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Annar vígslubiskupanna vígir aðalbiskup, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum aðalbiskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.

Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum aðalbiskups, greiðist þeim úr landsjóði borgun eftir reikningi.